

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	10. mars 2025	Tími:	12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartúni 1 og Teams			
Fundarstjóri:	HP			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Helga Þórisdóttir (HP), Hildur Ragnars (HR), Magnús Ingvason (MI), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::	Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 10. mars 2025

1. Fundargerð stjórnarfundar 3. febrúar 2025

Fundargerð stjórnarfundar 3. febrúar síðastliðinn var samþykkt.

2. Álitsgerðir um réttarstöðu forstöðumanna

Fundaröð um efni og niðurstöður fjögurra álitsgerða Hafsteins Dan Kristjánssonar, um afmarkaða þætti í laga og starfsumhverfi forstöðumanna er nú að baki. Umræður um næstu skref. AS tók að sér að draga saman helstu niðurstöður álitsgerðanna. Í kjölfarið verða þær kynntar fyrir KMR/fjármálaráðuneyti. Einnig var ákveðið gefa starfshópi forsætisráðuneytis um hlutverk og starfsskilyrði embættismanna og starfshópi um launafyrirkomulag forstöðumanna kost á að kynna sér efni álitsgerðanna.

3. Starfshópur forsætisráðuneyti um hlutverk og starfsskilyrði embættismanna

HP og AH gerðu grein fyrir fundi með starfshópnum í lok febrúar. Gera má ráð fyrir að starfshópurinn ljúki sinni vinnu í apríl/maí.

4. Aðalfundur og málstofa

Ákveðið var að halda aðalfundinn föstudaginn 9. maí kl. 13:00. Umræður um efni málstofu.

5. Samráð FFR og KMR

FFR hefur um nokkurt skeið átt í samtali við KMR/FJR um öryggismál forstöðumanna og óskað eftir að ráðuneytið veiki athygli dómsmálaráðuneytis á stöðunni. FJR hefur nú beint því til félagsins að beina erindinu milliliðalaust

til dómsmálaráðuneytis. HÞ og AH falið að skrifa bréf til dómsmálaráðuneytis um efnið.

Umræður um mögulegar spurningar í könnun á starfsumhverfi og líðan forstöðumanna.

6. Önnur mál

Fimmtudaginn 20. mars nk. tekur FFR þátt í opnum morgunfundi þar sem umfjöllunarefnið verður hvað þurfi til að jafna kjör á milli vinnumarkaða. Fundurinn er hluti af ráðstefnunni Viðskipti og vísindi í HÍ og haldinn í samstarfi við Stofnun stjórnslufræða og stjórn mála og FFR. HÞ verður meðal fyrirlesara og mun fjalla um gildi opinberra starfa. Síðar þann sama dag býður ÁHI félagsmönnum að heimsækja Rannís og kynnast starfsemi.